

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 831/2006

2009/EES/71/07

frá 2. júní 2006

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórninni ber, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2320/2002, að samþykkja ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Bandalaginu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd ⁽²⁾ var fyrsta gerðin þar sem mælt var fyrir um slíkar ráðstafanir.
- 2) Þörf er á ráðstöfunum til að gera sameiginlegar grunnreglur nákvæmari.
- 3) Að því er varðar ráðstafanir um framkvæmd reglna um eignir flugrekanda um borð í flugvélum ásamt stöðlum um farm, boðsendingar og hraðsendingar skal endurskoða efni reglugerðar (EB) 622/2003 í ljósi fenginnar reynslu.
- 4) Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92 frá 12. október 1992 um setningu tollareglna Bandalagsins ⁽³⁾ er gert ráð fyrir að til að hljóta stöðu viðurkennds rekstraraðila skuli uppfylla viðeigandi staðla um öryggi og vernd.

Viðeigandi yfirlýsingar skulu íhuga að taka mið af viðeigandi upplýsingum sem tollayfirlýsingar láta í té, þegar þau tilnefna, samþykkja eða skrá umboðsaðila sem viðurkenndan umboðsaðila.

- 5) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2320/2002 og til að koma í veg fyrir ólöglegar aðgerðir skulu ráðstafanir, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003, leynilegar og ekki birtar opinberlega. Það sama gildir óhjákvæmilega um allar gerðir sem breyta henni.
- 6) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 622/2003 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningssflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EBE) nr. 622/2003 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

Ákvæði 3. gr. þeirrar reglugerðar gilda varðandi leynd yfir viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júní 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 150, 3.6.2006, bls. 4. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2007 frá 27. apríl 2007 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 38, 9.8.2007, p. 31.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 849/2004 (Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 9. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 240/2006 (Stjtið. ESB L 40, 11.2.2006, bls. 3).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2005 (Stjtið. ESB L 117, 4.5.2005, bls. 13).

VIÐAUKI

Í samræmi við 1. gr. er viðaukinn leynilegur og skal ekki birtur í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
